

Nefndarálit með breytingartillögu

um frumvarp til laga um tímabundinn rekstrarstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund gesti frá fjármála- og efnahagsráðuneyti, atvinnunefnd Grindavíkur, Skattinum, Samtökum atvinnulífsins, Marine Collagen ehf. og Grindinni ehf.

Nefndinni bárust 22 umsagnir sem eru aðgengilegar á síðu málsins á vef Alþingis.

Umfjöllun.

Almennt.

Í frumvarpinu er lagt til að einstaklingar og lögaðilar sem stunduðu atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í Grindavíkurbæ þegar rýma þurfti bæinn 10. nóvember 2023, og hafa orðið fyrir a.m.k. 40% tekjufalli vegna atburðanna, geti fengið rekstrarstuðning í formi beinna styrkja úr ríkissjóði. Gert er ráð fyrir að rekstrarstuðningur verði veittur vegna tímabilsins frá nóvember 2023 til og með apríl 2024.

Breytingartillögur.

Orðskýringar (3. gr.).

Í umsögn Skattsins eru gerðar nokkrar athugasemdir við orðskýringar í 3. gr. frumvarpsins. Í fyrsta lagi er lagt til að skýring á hugtakinu „föst starfsstöð“ verði orðuð á þann veg að átt sé við fasta atvinnustöð þar sem tekjuaflandi starfsemi aðila fer að nokkru eða öllu leyti fram. Nefndin telur þá tillögu til bóta og leggur til breytingu á frumvarpinu til samræmis.

Að auki leggur Skatturinn til að hugtökin „launamaður“ og „rekstraraðili“ verði skilgreind í ákvæðinu og bendir á þær skilgreiningar sem voru lagðar til grundvallar í stuðningsúrræðum vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Nefndin tekur undir framangreint og leggur til að hugtökin verði skilgreind með sama hætti og í lögum um viðspyrnustyrki, nr. 160/2020.

Rekstrarkostnaður (3. tölul. 3. gr.).

Í 5. gr. frumvarpsins er kveðið á um fjárhæð rekstrarstuðnings. Gert er ráð fyrir því að rekstrarstuðningur jafngildi rekstrarkostnaði umsækjanda þann almanaksmánuð sem umsókn varðar eða margfeldi þriggja stærða, sbr. 2. tölul. 5. gr., eftir því hvor fjárhæðin er lægri. Rekstrarkostnaður er skilgreindur í 3. tölul. 3. gr. sem rekstrarkostnaður skv. 1. tölul. 31. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, að frátöldum niðurfærslum og fyrningum eigna og launum í skilningi laga um tímabundinn stuðning til greiðslu launa vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ, nr. 87/2023.

Við umfjöllun nefndarinnar um málið kom fram að óljóst væri hvort frádráttur við ákvörðun rekstrarkostnaðar samkvæmt ákvæðinu væri vegna heildarlaunakostnaðar viðkomandi

rekstraraðila eða hvort hann takmarkaðist við hámark launagreiðslna samkvæmt lögum nr. 87/2023, þ.e. 633.000 kr. að viðbættu mótframlagi í lífeyrissjóð.

Nefndin bendir á að um 3. tölul. 3. gr. frumvarpsins segir í greinargerð að launum í skilningi laga um tímabundinn stuðning til greiðslu launa vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ sé haldið utan rekstrarkostnaðarhugtaksins því að unnt sé að fá styrk vegna þeirra samkvæmt þeim lögum. Ekki er að finna skilgreiningu á hugtakinu „laun“ í orðskýringu í lögnum. Hins vegar er ljóst af vísun til þeirra, og af skýringu í greinargerð, að vísað sé til launakostnaðar sem fæst bættur samkvæmt þeim, að hámarki 633.000 kr., að viðbættum þeim 11,5% viðbót-
arstuðningi sem ráðstafað er í lífeyrissjóð. Til að taka af allan vafa um þetta atriði leggur nefndin til breytingu þess efnis að í stað þess að vísað verði til launa í skilningi laganna verði vísað til stuðnings til greiðslu launa í skilningi laganna.

Hafi launakostnaður þannig verið umfram þann sem bættur er á grundvelli fyrrgreindra laga, svo sem vegna þess að starfsmaður hefur fengið greidd hærri laun en stuðningur samkvæmt þeim nemur, telst mismunurinn ekki til „[launa] í skilningi laga um tímabundinn stuðning til greiðslu launa vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ“. Hið sama gildir um laun sem rekstraraðili hefur greitt en ekki fengið greiddan stuðning vegna. Í þeim tilvikum væri því heimilt að telja launakostnað til rekstrarkostnaðar í skilningi laganna.

Samspil rekstrarstuðnings og rekstrartekna við ákvörðun tekjufalls (2. tölul. 4. gr.).

Meðal skilyrða fyrir veitingu rekstrarstuðnings er að tekjur rekstraraðila í þeim almanaks-
mánuði sem umsókn varðar hafi verið a.m.k. 40% í sama almanaxsmánuði ári áður og tekju-
fallið megi rekja til náttúruhamfara í Grindavíkurbæ. Ljóst er að stuðningur vegna launa-
greiðslna samkvæmt lögum nr. 87/2023 og stuðningur samkvæmt frumvarpinu getur haft
áhrif á það hvernig tekjufall rekstraraðila er ákvarðað. Í umsögn Skattsins er bent á að æski-
legt geti talist að bæta við ákvæði um að rekstrarstuðningur samkvæmt frumvarpinu teljist
ekki til rekstrartekna við ákvörðun tekjufalls. Hið sama gildir um stuðning samkvæmt lögum
nr. 87/2023. Nefndin tekur undir þessa ábendingu og leggur til þá breytingu að við 2. tölul.
4. gr. bætist málslíður sem kveði á um að stuðningur samkvæmt lögnum skuli ekki talinn
til tekna í þeim mánuði við útreikning á tekjufalli samkvæmt ákvæðinu.

Gildistími rekstrarstuðnings (1. málsl. 4. gr. og 6. gr.).

Nefndin leggur til að gildistími rekstrarstuðnings samkvæmt frumvarpinu verði lengdur
og að miðað verði við að úrræðið gildi frá nóvember 2023 til og með júní 2024. Þá telur
nefndin rétt að færa samhliða dagsetningarviðmið um umsóknarfrest í 6. gr. til 30. september
2024. Nefndin leggur jafnframt áherslu á að þörf fyrir frekari framlengingu úrræðisins verði
metin þegar frá líður.

Með vísan til framangreinds leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftir-
farandi

BREYTINGU:

1. Við 3. gr.
 - a. Orðskýringin *Föst starfsstöð* orðist svo: Föst atvinnustöð þar sem tekjuaflandi starf-
semi aðila fer að nokkru eða öllu leyti fram.
 - b. Í stað orðanna „launum í skilningi laga“ í 3. tölul. komi: stuðningi til greiðslu launa
samkvæmt lögum.

- c. Við bætist tvær nýjar orðskýringar í réttri stafrófsröð, svohljóðandi:
1. *Launamaður*: Launamaður skv. 1. eða 2. tölul. 4. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987.
 2. *Rekstraraðili*: Einstaklingur eða lögaðili sem fellur undir gildissvið laga þessara skv. 1. gr.
2. Við 4. gr.
- a. Í stað orðsins „apríl“ í 1. másl. komi: júní.
 - b. Við 2. tölul. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hafí rekstraraðila verið ákvarðaður rekstrarstuðningur samkvæmt lögum þessum og/eða stuðningur til greiðslu á launakostnaði samkvæmt lögum um tímabundinn stuðning til greiðslu launa vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ, nr. 87/2023, í þeim almanaksmánuði sem umsókn varðar skal hann ekki talinn til tekna í þeim mánuði við útreikning á tekjufalli samkvæmt þessu ákvæði.
3. Í stað orðanna „31. júlí“ í 6. gr. komi: 30. september. :

Alþingi, 21. febrúar 2024.

Teitur Björn Einarsson,
form.

Ágúst Bjarni Garðarsson,
frsm.

Þórhildur Sunna Ævarsdóttir.

Ásthildur Lóa Þórsdóttir.

Jón Gunnarsson.

Guðbrandur Einarsson.

Jóhann Friðrik Friðriksson.

Oddný G. Harðardóttir.

Steinunn Þóra Árnadóttir.